

1. grein

Félagið heitir Frímanna Golfklúbbur Frímúrara, skammstafað FGF. Heimilisfang skal vera sama og Frímúrarareglunnar á Íslandi sem er Skúlagata 55 í Reykjavík. Tilgangur og markmið FGF er að glæða og viðhalda áhuga frímúrara og fjölskyldna þeirra á golfiþróttinni. FGF skal standa fyrir golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni og stuðlar að tilgangi og markmiðum klúbbsins.

2. grein

FGF stendur fyrir árlegu Bræðramóti Frímúrara einungis ætlað bræðrum innan Frímúrarareglunnar skv. reglugerð um Bræðramótið.

FGF standur fyrir árlegu Landsmóti Frímúrara sem opið öllum bræðrum og mökum skv. reglugerð um Landsmótið.

FGF stendur einnig fyrir öðrum golfmótum eða golfviðburðum samkvæmt ákvörðun stjórnar.

FGF leitast við að afla félagsmönnum hagsæðra kjara með samningum við þriðja aðila um aðgengi félaga FGF að golfaðstöðu og öðrum þáttum sem tengjast golfiþróttinni.

Við golfleik sem fram fer á vegum FGF skal fara eftir golfreglum R&A eins og þær eru á hverjum tíma.

3. grein

Um inngöngu í FGF skal sækja skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti að mati stjórnar. Innganga nýrra félaga er háð samþykki stjórnar. Öllum bræðrum innan Frímúrarareglunnar á Íslandi, mökum þeirra og niðjum skal heimill aðgangur að FGF.

4. grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar.

5. grein

Stjórn FGF skal skipuð fimm bræðrum: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, og formaður kappleikjanefndar. Þeir skulu kosnir á aðalfundi. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir aðalmenn stjórnar skulu kosnir til tveggja ára í senn, þannig að tveir eru kosnir á hverju ári annað hvert ár. Á aðalfundi skal einnig kjósa þrjá varamenn í stjórn til eins árs. Gangi einhver úr stjórn áður en kjörtímabili hans lýkur skal fyrsti varamaður taka sæti hans til næsta aðalfundar. Varamenn skulu að jafnaði sitja stjórnarfundum með málfrelsi. Stjórnarmenn má endurkjósa gefi þeir kost á sér. Allir stjórnarmenn þ.m.t. vara og aðalmenn skulu vera félagar í Frímúrarareglunni á Íslandi.



6. grein

Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald FGF. Hann skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert vegna undangengins starfsárs. Á öðrum tímum ársins getur stjórnin boðað til almenns félagsfundar ef ástæða þykir til eða ef 1/10 félagsmanna sem allir eru skuldlausir, óska þess skriflega með rökstuðningi. Slíkan fund skal halda innan þriggja vikna frá móttöku slíkrar beiðni.

Aðalfund og aðra félagsfundi skal auglýsa með minnst viku fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal vera samkvæmt 8. grein. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn ekki síðar en sólarhring fyrir aðalfund.

7. grein

Reikningsár FGF er almanaksárið, 1.janúar til 31. desember.. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar. Ársreikningar skulu áritaðir af kosnum skoðunarmanni.

8. grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

- a) Kosning fundarstjóri og ritari að tillögu stjórnar.
- b) Skýrsla formanns/stjórnar um liðið starfsár.
- c) Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
- d) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
- e) Lagabreytingar teknar til umræðu og afgreiðslu.
- f) Kosning formanns til eins árs.
- g) Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára.
- h) Kosning þriggja varamanna í stjórn til eins árs
- i) Kosning skoðunarmanns ársreikninga.
- j) Önnur mál.

9. grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi. Atkvæðisrétt hafa þeir félagsmenn sem náð hafa 24 ára aldri og eru skuldlausir við FGF. Tvo þriðju hluta atkvæða á aðalfundi þarf til að samþykkja lagabreytingar.

10. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á aðalfundi Frímanna Golfklúbbs Frímúrara – FGF þann 17. mars 2018.